

FRAMTÍÐ ÍSLENDINGA

Samstillt þjóð, þó að ekki væri nema 100.000 talsins, er máttugri en ósamstillt, þó að 100 milljónir væri.

I

Þá væri málum vorum illa komið, á landi hér, ef hatursstefnan yrði hér ráðandi. En þó er mikil hætta á að svo gæti orðið. Og væri þá þess að minnast, sem fyrir löngu hefir sagt verið, að hatri verður ekki eytt með hatri. Og byltingum verður ekki nema um stundar sakir með valdi afstýrt. Þar eru dæmin ljós frá Rússlandi. Rússakeisari hafði 18 milljónum vopnaðra manna á að skipa, og mörgum vel vöskum, og þó vita menn hvernig þar fór. Eina ráðið til þess að afstýra byltingu, er að gera alþýðu skiljanlegt og öllum lýð, að það eru til önnur ráð og miklu betri, til þess að bæta kjörin.

Hér er nú, þrátt fyrir alla örðugleika, sem orðið hafa á að þrífast, það mannval, að ef vér aðeins getum orðið samtaka, þá má vel koma högum vorum í gott horf. Það getur orðið betra að vera Íslendingur en líkindi þættu til um fólk sem byggir jafn erfiða eyju. Og að vísu vakir fyrir þeim sem heimsfræði stundar, eigi einungis að það gæti verið gott að vera Íslendingur. Það þarf að geta orðið gott að vera maður. En hingað til hefir það að vera maður einmitt verið það sem allraverst gat orðið á jörðu hér.

II

Vér þurfum að auka álit á Íslendingum, bæði íslenskt og annað. Og það verður auðveldara en mönnum er gjarnast að halda. Gætið að því hvernig Íslendingar eru nú að vekja

meiri eftirtekt út um lönd en áður hefir verið, þó að enn séu það ekki aðalatriðin, sem minnst er á, eins og ekki er við að búast. Takið eftir hvað það þýðir, að páfanum skuli ekki vera um annað tíðræddara en Ísland, þegar hann hittir menn af Norðurlöndum. Og eins eftir því, hvað íslenska sýningin í New York mun vekja mikla eftirtekt. Og mundi þó mikið bæta, ef þar yrði gott myndasafn af íslensku fólki, körlum, konum og einkum börnum.

Ef hugur þjóðarinnar á að þekkja sjálfa sig, væri eins og þyrfti, þá mundu menn halda hér sýningu — eða skoðun — á börnum, segjum til 8 ára aldurs, og gæta að þessum börnum vel. Gæta svo að því hvernig ýmislegt aflagast þegar aldur verður meiri, og reyna að skilja hvað veldur. Þetta er eitt af því sem mikið ríður á að athugað sé.

III

Vér þurfum að koma högum vorum í annað horf á landi hér, gerbreyta íslenskum ástæðum. En þó ekki með byltingu. Það sem ég hygg er, að yrði bylting, þá mundi það einmitt spilla fyrir því, að sú breyting geti orðið sem þarf. En það er sú breyting, að öll fátækt hverfi, og að ástæður til að mannast og menntast verði allar aðrar en nú er. Og þessu má vel koma fram. Aðeins þurfum vér að hafa réttari skilning á fortíð þjóðar vorrar, meira traust á því hvað úr henni geti orðið, og ríkari hug á að vera samtaka. Hugsíð ykkur hvað það sýnir lítinn skilning á fortíð Íslendinga og litla von um framtíð þeirra og litla frændrækni, að ekki skuli að staðaldri vera menn í Noregi og Svíþjóð, til þess að fræðast og fræða og efla vináttu og viðskipti þjóðanna á milli. Og að vér skulum ekki einu sinni þekkja Dani neitt nálægt því eins og þarf, eða þeir oss. Að sú óhæfa skuli viðgangast og vera þegjandi þoluð, að íslenskir peningar skuli ekki vera gjaldgengir í Danmörku til jafns við danska, þar sem þó ekki þyrfti annars til að laga slíkt en að fá samband við danskan drengskap. Að ekki skuli vera álitid sjálf-sagt, að Íslendingar fái í Danmörku þessar 10 milljónir — eða hvað það er — sem þurfa mun í nokkur ár umfram tekju-

ur landssjóðs, til þess að nauðsynlegustu umbætur verði hér gerðar. Að þetta skuli ekki vera álitid sjálfsagt, þar sem ekki þarf að fara langt aftur í tímann til þess að það verði 100 milljónir króna sem runnið hafa frá Íslandi til Danmerkur sem verslunararður, og danska þjóðin þó haft ennþá meira gagn af Íslandi á annan hátt.

Til þess að koma slíku fram, þarf ekki annað en að vér séum nógu vel samhuga um að það sé alveg sjálfsagt að fá því framgengt. Og það er í augum uppi, að hér væri ekki um neinar ölmusugjafir að ræða, heldur mundi svo reynast, að dönsku fé yrði ekki vaxtasamlegar varið en því sem til Íslands færi. Hér mætti á nokkrum árum þrefalda grasrækt, eða meir, og framleiða smér það, sem frægt gæti orðið. Og tilþriffin, sem orðið hafa í sjávarútveginum, sýna alveg nægilega, hvers vænta má af fólkinu, ef aðstaða er bætt nokkuð að ráði.

Og þá vil ég enn minna á að það mætti færa sér í nyt, að sá maður sem frægastur er í Danmörku, er konungur yfir Íslandi. Og Kristján konungur mun vel skilja, að konunghollum mönnum er það einmitt á þessum tímum mjög mikið áhugamál, að öll alþýða geti séð hversu konungar geta verið eigi einungis til kostnaðar og til eflingar snápsskap, heldur einnig til gagns, og það svo um munar.

Morgunblaðið 1921.